

Bæjarráð Hornafjarðar

Hornafirði, 23. apríl 2024
nr. erindis 202404080 ÁEH

Málefni: Minnisblað vegna samráðshóps hagaðila um öryggisinnviði í Skaftafellssýslum - upplýsingar varðandi Gullna hringborðið

Þann 17. apríl sl. boðuðu sveitarfélögin í Skaftafellssýslum til málþings um öryggisinnviði á svæðinu frá Mýrdalshreppi austur fyrir Hornafjörð. Málþingið var vel sótt enda eru innviðir sem tengjast öryggi íbúa og ferðamanna í Skaftafellssýslum mjög þandir og ekki í neinum takti við þann gríðarlega fjölda ferðamanna sem sækir svæðið heim. Má það helst rekja til þess að vegakerfið var ekki hannað til að taka við eins mikilli umferð og raun ber vitni, auk þess sem reikniregla um öryggis- og heilbrigðismál á ekki við á svæðinu því ef gestir okkar eru meðtaldir er íbúafjöldinn a.m.k. 40% meiri en opinberar tölur gefa til kynna lungann úr árinu.

Það sköpuðust líflegar umræður á málþinginu og var samhljómur allra hagaðila um brýna þörf á aðgerðum. Í pallborðsumræðum kom fram í máli Gríms Hergeirssonar, lögreglustjóra á Suðurlandi, að uppsveitir Árnassýslu hafi skapað sér vettvang þar sem viðeigandi hagaðilar hverju sinni hittist og ræði saman um málefni aukinnar ferðaþjónustu á við Gullna hringinn. Vettvangurinn kallast „Gullna hringborðið“ en þar er markmiðið að stilla saman strengi og tala einu máli út á við. Lagði hann til að ein af niðurstöðum málþingsins væri að búa til svipaðan vettvang fyrir Skaftafellssýslurnar. Fékk það góðan hljómgrunn hjá þátttakendum málþingsins.

Hringborðið sjálft er huglægt, en það hefur verkefnisstjórn sem kallar mismunandi aðila að borðinu eftir viðfangsefni hverju sinni. Innsti hringur hittist nokkrum sinnum á ári, en markmiðið er að halda einn stóran árvissan fund þar sem hagaðilar eru leiddir saman til að ráða ráðum sínum, efla samstarf, vinna að framförum og þrýsta á úrbætur. Skaftafellssýslurnar gætu nýtt sér reynsluna sem er komin á samvinnuna í uppsveitunum. Fyrsta skref væri þá að kortleggja hagaðila og móta verkefnisstjórn.

Virðingarfyllst

Árdís Erna Halldórsdóttir
Atvinnu- og ferðamálafulltrúi
Sveitarfélagsins Hornafjarðar